

Ed.

141. Frumvarp

til laga um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna o. fl.

Frá sjávarútvegsnefndinni.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugerðir um notkun hafna við löggilt kaптún og veiðistöður á Íslandi, um notkun á hafnarbryggjum og öðrum mannvirkjum við hafnir, og um seglfestu.

Reglugerð semur sýslumaður eftir tillögum sveitarstjórnar, þar sem höfnin er.

2. gr.

Í reglugerðum þeim, er um ræðir í 1. gr., má ákveða sektir fyrir brot, alt að 400 kr., svo og að heimilt sje að nota höfn og hafnarmannvirki og að taka seglfestu, alt gegn endurgjaldi. Einnig má þar ákveða upphæð gjaldsins og að það megi að eins krefja í peningum, en ekki hlut eða hundraðsgjald af afla útgerðar, sem höfnina eða mannvirkin notar, svo og að ógildir sjeu samningar um að slík útgerð selji eiganda hafnarmannvirkja afla sinn fremur en öðrum.

3. gr.

Með mál um brot gegn reglugerðum þessum skal farið sem almenn lög-reglumál. Sektir renna í hafnarsjóð kaптúns, ef til er, ella í sveitarsjóð þar sem brotið er framið.

4. gr.

Lög nr. 62, 10. nóv. 1905, um heimild fyrir stjórnarráð Íslands til að setja reglugerðir um notkun hafna við kaптún í landinu o. fl., eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Tilgangur frumvarps þessa er að tryggja nokkru betur en nú er hagsmuni útgerðarmanna í kaптúnum og veiðistöðum. Það er að miklu leyti samhljóða nógildandi lögum, en aðalbreytingin fólgin í 2. gr., um að ekki verði í samningum um þröngvað kosti útgerðarmanna af eigendum hafnartækja og lóða við hafnir.